



## hearWHO appið

Mikilvægt er að uppgötva heyrnarskerðingu sem allra fyrst svo tryggja megi virka meðferð og endurhæfingu. Til þess að greina skerta heyrn ættu allir að láta mæla heyrn sína af og til, sérstaklega fólk sem telst í áhættuhópi s.s. þeir sem hlusta oft á háværa tónlist, vinna í háværu umhverfi, fólk sem notar lyf sem skemma heyrn og allir yfir 60 ára aldri. Alþjóða-Heilbrigðisstofnunin, WHO, hefur nú hleypt af stokkunum nýju heyrnarmælinga-snjallforriti á vefnum til að auðvelda fólki að mæla, á einfaldan hátt, stöðu heyrnar sinnar.

Þetta nýja snjallforrit, **hearWHO appið**, byggir á sannreyndu prófi þar sem hlustandi þarf að greina upptökur af tölustöfum í suði/bakgrunnshávaða. Með tilkomu þessa þægilega forrits hefur almenningur auðvelt aðgengi í gegnum snjallsíma og tölvur að einföldu heyrnarmælingaforriti sem auðveldar skimun fyrir versnandi heyrn.

Prófið sjálft er afar einfalt og tekur skamman tíma. Niðurstöður birtast á skýran hátt með leiðbeiningum um næstu skref og getur einnig geymt upplýsingar svo að notandi getur fylgst með eigin mælingum yfir lengri tíma.

Appið er einkum hugsað fyrir þá einstaklinga sem hlusta mikið og lengi á háværa tónlist í hljómflutningstækjum í eyrnatólum/heyrnatólum. Starfsfólk heilbrigðisstofnana getur einnig notað appið sem einfalt skimunarpróf áður en ákvörðun er tekin um ítarlegri heyrnarpróf.

Appið fæst aðeins í enskri útgáfu enn sem komið er. Útgáfur á öðrum tungumálum munu bætast við síðar á árinu.

WHO hefur notið aðstoðar frá ráðgefandi sérfræðihópi við þróun og gerð forritsins:

Dr Jackie Clark, Dr Deborah Ferrari, Dr Cas Smits og Dr De Wet Swanepoel.

Appið má nota við bæði iOS og Android snjalltæki. Appið má finna á [www.hti.is](http://www.hti.is)

Hala niður af **Apple App Store**: <https://itunes.apple.com/us/app/hearwho-check-you-hearing/id1449966543?ls=1&mt=8>

Hala niður af **Google Play**:

<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.hearxgroup.hearwho>